

## FUNDARGERÐ

Árið 2018, fimmtudaginn 4. janúar kl. 14:00, var haldinn símafundur í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á símafundi voru: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir, Ásgerður Gyldadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Hrafnkeli Hjörleifssyni og Gústav Aroni Gústavssyni sem ritaði fundargerð. Jafnframt sat fundinn Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðneytinu.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Sameining Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi samstarfsnefndar um sameiningu Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar, dags. 19. desember 2017.

Fram kemur í erindi frá samstarfsnefndinni að stefnt er að íbúakosningu um sameiningartillögu um miðjan mars árið 2018. Verði sameiningartillagan samþykkt verður til nýtt sameinað sveitarfélag Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps um mitt ár undir heiti þess fyrrnefnda. Til þess að sameining geti orðið er mikilvægt að það liggja fyrir að fjármagn fái til innviðauppyggingar í Breiðdal. Nauðsynlegt er að ákvörðun um framlag ríkisins til ákveðinna verkefna verði skjalfest áður en tillaga um sameiningu verður kynnt í sveitarfélaginu, eins og það er orðað í bréfinu. Í fylgiskjöllum með bréfinu eru lokadrög að málefnaþingumlagi milli Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar, útreikningar varðandi opinbera aðkomu að verkefninu og áhrif sameiningar á ársreikning hins nýja sveitarfélags m.v. árið 2016.

Lagðir voru fram útreikningar að skuldajöfnunarframlagi vegna sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar. Útreikningarnir byggjast á ársreikningum fyrir árið 2016 hjá sveitarfélagunum en endanlegir útreikningar munu byggjast á ársreikningum fyrir árið 2017. Samkvæmt útreikningum reiknast bæði sveitarfélög með skuldajöfnunarframlag við sameiningu. Hjá Breiðdalshreppi reiknast skuldajöfnunarframlag upp á 24 m.kr. og hjá Fjarðabyggð næmi framlagið 450 m.kr. Í tilviki framlagsins vegna Fjarðabyggðar er um hámarksframlag að ræða vegna skuldajöfnunar.

Samkvæmt drögum að útreikningi á útgjalda- og tekjujöfnunarframlagi munu framlög til nýja sameinaða sveitarfélagsins verða um 10 m.kr. lægri en það sem er núna áætlað til sveitarfélaganna tveggja. Sameinaða sveitarfélagið mun því fá óskert útgjalda- og tekjujöfnunarframlag sem nemur um 10 m.kr. á ári til 5 ára.

Gert er ráð fyrir að framlag vegna endurskipulagningar á þjónustu og stjórnsýslu nemi um 157 m.kr.

Fram kom að nefndin hafði áður samþykkt framlag að fjárhæð 17 m.kr. vegna undirbúnings sameiningarinnar.

*Samþykkir ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um framlög til Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar vegna mögulegrar sameiningar að fjárhæð 698.000.000 kr. Samþykktin er gerð með fyrirvara um breyttar forsendur útreikninga og þá sérstaklega forsendur skuldajöfnunarframlaga.*

2. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásgerður Gylfadóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Bjarni Jónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson